

Síðasti dagur Sveins skotta

Gleðileikur eftir Benóný Ægisson

**Í uppfærslu
Kómedíuleikhússins og
Lýðveldisleikhússins**

**Tónlist eftir Benóný Ægisson
og Steingrím Guðmundsson**

3.4.2016

PERSÓNUR	LEIKENDUR
SVEINN SKOTTI	EL
SÝSLUMAÐUR	BÆ
MANGA	HM
BÖÐULL	SG
BJÖRN	ÁN
ÞÓRDÍS	HR
STÚLKA á heiði	HR
KONA á heiði	HM
KERLING á heiði	ÁN
JÓN SÝJUSON	ÁN
STÚLKA 1 á súlustað	HM
STÚLKA 2 á súlustað	HR
EINOKUNARKAUPMAÐUR	BÆ
KNATTLEIKMAÐUR	Tæknimaður
JÓN LÆRÐI	HM
VINNUKONA	HR
PRESTUR	ÁN
PRESTSFRÚ	HM
BISKUP	HM
FÓGETI	BÆ
ÁSGERÐUR í Rauðsdal	HR
ELÍN vinkona hennar	HM
GRÞKONA sýslumanns	HM
JÓN bóndi í Rauðsdal	HM

Leikurinn gerist á árunum 1596 – 1648 á Vestfjörðum og víðar

FORLEIKUR

Kvennadans. Sveinn liggur í bæli og sefur órótt, eins og honum dreymi illa. Þegar dansinum lýkur sest hann upp og æpir

SVEINN

Mamma!

Í PRÍSUNDINNI

SÝSLUMAÐUR

Hvaða andskotans hávaði er þetta í þér Skotti? Viltu fá að kenna á því?

SVEINN

Ég var sofandi. Mig var bara að dreyma.

SÝSLUMAÐUR

Nú? Var þig að dreyma um þína aumu ævi? Þá er ekki skrítið að þú hafir fengið martröð.

SVEINN

Mig var bara að dreyma að ég væri að detta. Falla þegar ég ætlaði að fljúga. Mig dreymir það stundum.

SÝSLUMAÐUR

Svo þig dreymir Skotti? En iðrastu aldrei?

SVEINN

Iðrast? Ég? Iðrast hvers?

SÝSLUMAÐUR

Nú það er ekki eins og þú sért einhver andskotans engill.

SVEINN

Ég var aldrei ríkur maður. Ég hafði aldrei efni á munaði eins og iðrun. Ég get bara látið mig dreyma.

SÝSLUMAÐUR

Og um hvað dreymir svo þrjót eins og þig?

SVEINN

Mig dreymir um hvað það getur verið gaman að vera frjáls.

SÝSLUMAÐUR

Þú ættir frekar að nota tímann til að iðrast þinna mörgu illvirkja. En það er líklega lítil von til þess.

EINHVER BÆR**SÖNGVARI**

Skotti karlinn skýst um ganga í búrið
 Skimar þar um hillur - aflar fanga
 Treður oní pokann söltu og súru
 Sviðakjammi, lundabaggi, langa
 Hert og þurrkað kæst og jafnvel þrátt
 Og karlinn fæst ei um þó það sé hrátt
 Hann er ekki gefinn fyrir gastrónómísk dok
 En góflar mat með hraði niður í kok

SÖNGVARI

Og ef hann hittir auma konukind
 Í eftirrétt er ofurlítill synd
 Hann kann ekkjað kjamsa á réttunum
 En klárar fljótt og flýr af stéttunum
 Eins með mat og kvenfólk máttu vita
 Menn sem hann þeir vilja skyndibita
 Eins með mat og kvenfólk máttu vita
 Menn sem hann þeir vilja skyndibita

MANGA

Guð hvað mér brá!

SVEINN

Fyrirgefðu. Ég ætlaði ekki að gera þér bilt við.

MANGA

Hvað ertu að gera hérna?

SVEINN

Ég er víst eitthvað að villast.

MANGA

Inni í búri?

SVEINN

Ég var að leita að húsbændunum. Ég ætlaði að athuga hvort ég mætti ekki vera í nótt.

MANGA

Hver ert þú? Ertu nokkuð hann Sveinn skotti?

SVEINN

Sveinn hver?

MANGA

Sveinn skotti. Hann er óþokki. Ertu hann?

SVEINN

Nei nei nei. Ég heiti Steinn.

MANGA

Ég er alveg óskaplega hrædd við hann.

SVEINN

Nú er hann svona slæmur?

MANGA

Hefurðu aldrei heyrt um hann Svein skotta? Hann drap stúlku í Djúpinu í fyrra. Skar af henni brjóstin og borðaði úr henni lifrina.

SVEINN

Uss uss uss! Hvað er að heyra þetta. Eins gott að rekast ekki á hann.

MANGA

Hvaða ferðalag er á þér?

SVEINN

Ég er að fara vestur í Húnavatnssýslu að mála þar altaristöflu.

MANGA

Ertu listamaður?

SVEINN

Ýmisleg kann maður fyrir sér. Ég get málað töflur, lýst handrit og farðað hefðarkonur.

MANGA

Farðað þær? Þú ert ágætur. Eru einhverjar konur sem láta karla farða sig?

SVEINN

Já. Og borga vel fyrir það. Ég hef lært dráttlist í Hamborg.

MANGA

Mikið lýgurðu Steinn. Segðu meira.

SVEINN *skoðar hana*

Afskaplega skemmtilegt andlit.

MANGA

Á mér? Hvernig skemmtilegt? Finnst þér ég vera ljót?

SVEINN

Neineinei. Alls ekki. Ég hefði gaman að því að farða þig.

MANGA

Mig? Ég á enga peninga.

SVEINN

Þú et svo fögur.

MANGA

Fögur? Ég? Ertu að gera grín að mér?

SVEINN

Alls ekki. Ég er hérna með afskaplega fína liti sem ég keypti að honum Jóni Ólafssyni.

MANGA

Honum Jóni Indíafara? Þekkirðu hann?

SVEINN

Já já. Hann er góður vinur minn. Ég get gert þig enn fegurri.

MANGA

Hvaða vitleysa er þetta í þér?

SVEINN

Svona. Leyfðu mér að farða þig.

MANGA

Til hvers?

SVEINN

Svo ungu mönnunum lítist enn betur á þig.

MANGA

En ég get ekkert borgað þér.

SVEINN

Það gerir ekkert til. Þetta geri ég bara fyrir ánægjuna.

Það er dansað. Sveinn malar Möngu. Eftir því sem líður á kvæðið verða athafnir hans klúrari og hann nærgöngulli við stúlkuna. Þegar laginu lýkur hefur hann málað hana blóðuga, bláa og marða, föt hennar eru rifin

FORSÖNGVARI

	Sveigir geira sagð'ei alls fyrir löngu:
KONUR	Nú hef ég tekið mér nýjan mann
KARLAR	nógar listir veit og kann
ALLIR	Steinn er að farfa stelpuna hana Möngu

FORSÖNGVARI

Upp hefur málað hann á hana
himinn jörðu lönd og sjó
frelsi þrælkan fjör og bana
frost og hita eld og snjó
opna loka auka vana
æpa þegja týna fann -

KONUR Nú hef ég tekið mér nýjan mann
 FORSÖNGV. Hjörtinn refinn hrafninn svana
 hálf fullt af öll og öngu
 ALLIR Steinn er að farfa stelpuna hana Möngu

FORÖNGVARI

Birtu myrkur nauð og næði
 naumt og mikið upp hann dró
 hita kulda hungur fæði
 heilsu sjúkdóm kvöl og fró
 fjarlægt komið frið og bræði
 frjálst og stolið hrygð og gann

KONUR Nú hef ég tekið mér nýjan mann
 FORSÖNGV. Sannleik lygi sálma kvæði
 svart hvítt rétt og röngu
 ALLIR Steinn er að farfa stelpuna hana Möngu

SÝSLUMAÐUR *kemur inn*

Hvað er hér um að vera?

Pögn

Voruð þið að dansa? Það er alveg harðbannað að vera með slík apalæti.

Pögn

Hvað varstu að gera við stúlkuna?

SVEINN

Ekkert. Bara mála hana.

SÝSLUMAÐUR

Mála hana? Til hvers?

SVEINN

Þetta er bara leikur.

SÝSLUMAÐUR

Leikur og dans. Lengi getur vont versnað. Hvað heitirðu?

SVEINN

E.. Steinn

SÝSLUMAÐUR

Eysteinn?

SVEINN

Nei Steinn.

SÝSLUMAÐUR

Neisteinn. Það var ágætt nafn.

SVEINN

Nei ég heiti Steinn.

SÝSLUMADUR

Nei það heitirðu ekki Sveinn Björnsson. Heldurðu að þú getir leikið á mig Skotti?

SVEINN

Ég er ekki hann. Ég heiti Steinn. Ég er Húnvetningur.

SÝSLUMADUR

Betur ef satt væri. Þá gæti ég sent þig í Húnavatnssýsluna með kærri kveðju. Þeir gætu þá hýtt þig. En nú neyðist ég til að gera það.

SVEINN

En hún vildi það sjálf.

SÝSLUMADUR

Nú vildi hún það sjálf? Það breytir auðvitað öllu.

SVEINN

Já. Þær vilja það allar.

SÝSLUMADUR

Já auðvitað vilja þær það. Sérstaklega hjá annáluðum föntum eins og þér.

SVEINN

Þær vilja það alltaf. Jafnvel þó þær séu eitthvað að sprikla.

MANGA

Nei. Ég vildi það ekki neitt.

SÝSLUMADUR

Sagðirðu nei?

MANGA

Nei.

SÝSLUMADUR

Hvernig átti hann þá að vita það ef þú sagðir ekki nei.

MANGA

Hann hélt fyrir munninn á mér.

SVEINN

Hún lýgur þessu.

MANGA

Ég lýg ekki neitt.

SÝSLUMAÐUR

Allir þekkja nei kvenna og vita hvað þau þýða. Þær hafa erfð hið synduga eðli Evu og eru því sjaldnast teknar nauðugar. Nema þá helst óspjallaðar meyjar og guðhræddar ekkjur. Þessi er reyndar hvorugt. Hún er bara skillítil vinnukona.

SVEINN

Má ég þá ekki bara fara?

SÝSLUMAÐUR

Hún hefði ekki átt að ganga í dans með mönnum eins og þér.

MANGA

Ég vissi ekki hver hann var. Það var ekki minn vilji..

SÝSLUMAÐUR

Það var enginn að tala við þig druslan þin.

Þögn

Mér leikur bara forvitni á einu.

SVEINN

Hvað er það herra sýslumaður?

SÝSLUMAÐUR

Hvað ertu með í pokanum Skotti?

SVEINN

Ég hef ekki gert neitt.

SÝSLUMAÐUR

Menn eins og þú hafa alltaf gert eitthvað af sér. Þess vegna ætla ég að láta hýða þig til vonar og vara. En fyrst þarf að höggva einn morðingja.

Við böðulinn

LAUGARBREKKA Á SNÆFELLSNESI 1596**SÝSLUMAÐUR**

Brýndu vel böðull. Hausinn á að fjúka í fyrsta höggi.

BÖÐULL

Fyrsta högg segir sýslumaðurinn. Fyrsta högg.

SÝSLUMAÐUR

Ekkert hjakk með bitlausum verkfærum. Mínar aftökur eiga að bera snyrtimennsku minni vitni. Ég vil ekki að þeir dauðadæmdu rísi upp eftir nokkur högg og atyrði böðulinn fyrir slæleg vinnubrögð.

BÖÐULL

Eitt högg skal það vera. En ferðu ekki með fangann til Þingvalla?

SÝSLUMAÐUR

Ekki nenni ég að drösla dauðamanni þessum til Alþingis. Best er að aflífa þessa skaðræðisskepnu strax.

BÖÐULL

En konan?

SÝSLUMAÐUR

Hvað með hana?

BÖÐULL

Hvað á að gera við hana?

SÝSLUMAÐUR

Leikur einhver vafi um sekt hennar?

BÖÐULL

Hún er með barni.

SÝSLUMAÐUR

Ekki get ég refsað ófæddu barni. Ég tek hana með til þingvalla. Þeir vísu menn geta þá ráðið fram úr hennar málum. Kvenfólk er léttara á fóðrum og eitthvað getur hún unnið fyrir sér í varðhaldinu.

Þögn

Því dæmist rétt vera að Björn Pétursson bóndi á Öxl skuli hálshöggvast fyrir manndráp og rán. Hann skal einnig limamarinn, útlimir hans höggvast af og að því loknu skulu þeir settir á stengur öllum landslýð til viðvörunar. Böðull, gerðu skyldu þína.

BÖÐULL

Á ég að hálshöggva hann fyrst?

SÝSLUMAÐUR

Hvað þarf mikið vit til að gera mann höfðinu styttri? Brjóttu andskotans manninn og hafðu mjúkt undir svo kvalir hans verði meiri.

BÖÐULL

Ég byrja þá bara á löppunum.

BÖÐULLINN tekur trésleggju og keyrir í annan fótlegg BJARNAR. Slögin verða taktur sem önnur tónlist í atriðinu byggir á

BJÖRN

Sjaldan brotnar vel bein á huldu, Ólafur frændi.

BÖÐULL

Í dag er ég kóngsins böðull og ekki frændi neins manns.

FORSÖNGVARI

Verk sín böðull vinnur ei til vansa
Aldrei mun Björn bóndi lær'að dansa

Böðull sýnir blíðuhót
brýtur eftir mynstri
lýkur hann við hægri fót
hefur störf á vinstri

ALLIR

Verk sín aldrei vinnur hann til vansa
Aldrei mun Björn bóndi lær'að dansa

BÖÐULL

Ég er búinn að brjóta á honum limina.

SÝSLUMAÐUR

Þá skaltu höggva þá af.

BÖÐULL tekur til við að höggva útlimi BJARNAR af. Jafnóðum og hann gerir það setur hann þá á stengur.

BÖÐULL

Limina af sagði sýslumaðurinn! Andskoti er seigt í honum!

ÞÓRDÍS

Heldur tekur nú að saxast á limina hans Björns míns.

BJÖRN

Einn er þó eftir enn og væri hann betur af en það er sá limur sem þér er kærastur.

ÞÓRDÍS *klappar á kvið sinn*

Þessi mun hefna.

FORSÖNGVARI

Um Axlarhlað lá gatan grýtt
gestir féll'á kollinn
Óxi hjó Björn ótt og títt
óður var sem skollinn

ALLIR

Girtist ávallt hluti sem að glansa
(En) litla hafð'ann löngun til að dansa

FORSÖNGVARI

Um nótt er allt var orðið hljótt
að þeim grimmur læddist
Húsfreyja snöru hert'að skjótt
háls'uns gestur mæddist

ALLIR

Girtist ávallt hluti sem að glansa
Pungt er stigið þegar dauðir dansa

FORSÖNGVARI

Flaug af hausinn flaut þar blóð
firnagaman að því
Bunan upp úr strjúpa stóð
stígum - hopp og híhí

ALLIR

Verk sín böðull vinnur ei til vansa
Hauslaus má hann herða sig að dansa

BÖÐULL

Þá er hausinn af.

Þögn

Á ég að grafa hann haus við daus?

SÝSLUMAÐUR

Hvað ertu að þvaðra böðulsskepna?

BÖÐULL

Þegar sálin skreppur úr nösunum rýkur hún upp í rassgatið á honum og hann getur ekki gengið aftur.

SÝSLUMAÐUR

Ég er upplýstur maður og gef lítið fyrir þessháttar hjátrú.

Þögn

Jæja. Allur er varinn góður. Þú gerir það sem þér finnst best en nú skaltu flengja strákinn.

BÖÐULL

Hvaða strák?

SÝSLUMAÐUR

Strákinn hann Svein Björnsson. Er hann stökinn? Fjandinn sjálfur. Eltu hann!

BÖÐULL

Hann er hvergi sjáanlegur. Hann er örugglega kominn upp á heiði núna og það er að gera vitlaust veður.

SÝSLUMAÐUR

Jæja þá. Farið hefur fé betra. Við skulum vona að hann verði úti og við heyrum aldrei af honum meir.

Þögn

Ætli rassgat geti verið fangelsi sálar?

Á HEIÐINNI

SVEINN

Skotti flýr í burt sem fætur toga
far vel vöndur far vel sýslumaður
best að leggja leið sína til fjalla
því leiður er mér orðinn þessi staður
Í skjóli veðra og vinda skýst ég burt
sem skotið út í bláinn og hver veit kvurt?

KONA *hvíslar*

Sveinn..
Sveinn..
Sveinn..

SVEINN

Já
Hver er þar?

KONA *hvíslar*

Sveinn..
Ertu einn?
Aleinn
Aumingja Sveinn

SVEINN

Hvað er nú?
Hver er þar?
Þögn
Ég heyrði rödd..
(en) fæ ekkert svar

Konurnar hlæja

KONA *hvíslar*

Aleinn..
Aumingja Sveinn

SVEINN

Hver er þar?
Hvað viltu mér
Hvað ert þú að gera hér?
Kannski er best að forða sér

KONA

Hvað asi er á þér Sveinn
skotti Bjarnarson?
Upp á heiði æðir einn
og allra veðra von

SVEINN
Hver ert þú?

STÚLKA
Þetta er bara hún móðir mín.

SVEINN
Laglegar eruð þið mæðgurnar

KERLING
Honum finnst við sætar. Já við erum sætar mæðgurnar.

SVEINN
Hvaða kerlingarherfa er þetta?

KERLING
Hann má ekki vera svona óvinsamlegur. Hann verður að vera góður því annars gæti saga hans styst að mun.

SVEINN
Ertu að hóta mér kerling? Hverjar eruð þið? Huldukonur? Tröll?

KONA
Við erum þessi heiði.

KERLING
Landið, það erum við.

STÚLKA
Ef þú vilt komast yfir okkur þarftu að hafa fyrir því.

KERLING
Komdu nú Sveinn. Dugðu mér nú. Annars gæti frestast þín för héðan.

STÚLKA
Kannski kemstu aldrei burt

SVEINN *við Stúlku*
Ég vil miklu frekar duga þér.

KERLING
Hann vill frekar hafa það ungt og þröngt en þaulreynt og þroskamikið.

SVEINN
Þegiðu kerling.

KERLING
Válynd þoka
villir sýn
vindur blæs

vakna tröll
 Fönn af himni
 fellur hvít
 förumanninn
 felur brátt

SVEINN

Hvaða andskotans hrakspár eru þetta kerling? Þú ræður engu um það hvort Sveinn Björnsson lifir eða deyr.

KERLING

Kannski kemst hann aftur til byggða. Kannski. Góða ferð Sveinn Björnsson!

ALLAR í keðju

Válynd þoka
 villir sýn
 vindur blæs
 vakna tröll
 Fönn af himni
 fellur hvít
 förumanninn
 felur brátt

SVEINN

Hvert skal stefna? Hvar er skjól?
 Hvar er flóttamanni búið ból?
 Vísið mér leið vænu konur
 Ekki fara - ekki hverfa sjónum mínum
 Konur! Þeim er torvelt að treysta
 Alltaf á förum – flýja burt
 Skilja sveininn eftir einan
 Eru þær ekki til þess gerðar
 að efla manninn - þjóna honum?
 Samt má ég alltaf þjóna þeim
 Bundinn mjúkum fjötrum
 togaður og teygður í þá átt
 er þær kjósa. Hvílkur ógnakuldi
 ég er að frjósa. Upp nú Sveinn!
 Afram haltu - áfram gakkstu
 Hvar eruð þið? Mamma!
 Móðir kær mér vísaðu leið
 Mamma mín ó mamma mín!
 Hví yfirgafstu mig
 Hvar eruð þið? Hjálpið mér!
Konurnar hlæja
 Svo það er svona - konur
 svikull hæðnishlátur eina svarið
 Blásið hart þið byljir í mín augu
 feykið snjó og tefjið mína för
 Sama er mér ég gefst aldrei upp

Nei - ekkert stenst fyrir mér
 Engin kerling stöðvar mig
 Ég veð í gegnum kafaldssnjó
 sem mjúkan konufaðm
 Ekki læt ég andlit engla og
 ísköld hjörtu flagða fjötra mig
 fordæður tröll ég slæ ég drep
 Aldrei frammar mun ég elta konur
 og það eina sem að ég vil fá frá þeim
 það skal aldrei aldrei öruggt verða
 Látum þær reyna að læsa dyggð sín ínni
 geyma meydóm sinn í traustri hirslu
 ég brýt hana upp - ég tek það sem ég vil
 og tómar kistur þeirra eftir skil

*Konurnar leiða hann í villu og hann hrapar fram af klettum inn á staurastað Jóns
 Sýjusonar*

STAURASTAÐUR JÓNS RÍÐUMANNS SÝJUSONAR

KARLAR

Kláus hákarl margan myrti
 um meinin þeirra lítið hirti
 Saxið keyrð'ann í þá inn
 saxið keyrð'ann í þá inn

Þeim er sá'ann þetta gera
 þótti gamli karlinn vera
 furðulítið frændrækinn
 furðulítið frændrækinn

JÓN SÝJUSON

Komdu inn! Komdu inn! Mundu bara: Horfa en ekki snerta. Annars hendi ég þér út. Nema þú borgir. Áttu einhverja peninga? Frampart? Ýsuband? Má ekki bjóða þér sýrusopa? Flottar stelpur hérna. Flyt þær inn sjálfur. Bráðlaglegar og hámenntaðar.

KONUR Sjáið strákar stelpuna á staurnum
 KARLAR Stínga vil ég inn í hana gaurnum
 Strákar sjáið stelpuna á staurnum
 KONUR Stingið þið í nærhald hennar aurnum

SVEINN *við eina stúlkuna.*
 Kemurðu oft hingað?

STÚLKA 1

Guð minn góður, hvílíkt andríki.

STÚLKA 2

Samræðulist á akademísku plani heyri ég.

JÓN

Áttu einhverja peninga?

SVEINN

Ég? Nei. Enga.

JÓN

Eitthvað annað? Frampart? Ýsuband? Kæfubelg? Bjúga?

SVEINN

Ekkert.

JÓN

Láttu þá stelpurnar í friði. Þú skalt ekki halda að þið graðnaglarnir fáið ókeypis afnot af þeim.

Þögn

Heyrðu! Ert þú ekki sonur hans Bjössa á Öxl?

SVEINN

Jú. Ætli það ekki.

JÓN

Jón Sýjuson heiti ég. Kallaður Ríðumaður. Tek 200 í bekk. Mig vantar einmitt mann eins og þig.

SVEINN

Til hvers?

JÓN

Til að standa í dyrunum hjá mér. Passa stelpurnar. Henda gaurunum út þegar þeir eru orðnir fullir og blankir.

SVEINN

Hverskonar lið kemur hingað

JÓN

Bara þetta venjulega. Stórbændur, sjómenn, túristar, danskir kaupmenn.

EINOKUNARKAUPMAÐURINN

Tilboð í dag á truflum og öli
Tennisspöðum og möðkuðu mjöli
Maðkað mjöl! Já maðkað mjöl!
Messuvínstilboð brennsi og öl

Græða á striti græða á puði
gauranna á þessu krummaskuði
Maðkað mjöl! Já maðkað mjöl!
Messuvínstilboð brennsi og öl

Féð til Köben á fljúgandi ferð
Að fjárfesti magasín og danglaterr

Maðkað mjöl! Já maðkað mjöl!
Messuvínstilboð brennsi og öl

KONUR Sjáið strákar stelpuna á staurnum
KARLAR Stínga vil ég inn í hana gaurnum
Strákar sjáið stelpuna á staurnum
KONUR Stíngið þið í nærhald hennar aurnum
JÓN En snertiði hana lendiði í saurnum

KNATTLEIKMAÐUR

Everybody have some mysa, The mysa is on me. Hey honey! Want to play some ball? I have great balls. Footballs!

JÓN *við Svein*
Hentu honum út.

KNATTLEIKMAÐUR

But I have a company card. The mysa is on me.

JÓN *tekur kortið af Knattleikmanni og straujar það*
Hvernig var það með þig Sveinn. Varstu einhvern tíma í boltanum?

SVEINN

Nei. Ég fékk aldrei að vera með.

BARNÆSKA SKOTTA

KÓR

Skotti..
Skotti..
Skotti..
Skotti..
Skotti rotta
Skotti rotta
Skotti rotta
Skotti rotta
Skotti rotta skeit í potta!
Skotti rotta skeit í potta!

FORSÖNGVARI / KÓR *endurtekur*

Enga mömmu á auminginn
Engan pabba á strákurinn
Skrattinn má nú skemmta þeim
Skar hann hausinn af báðum tveim

SVEINN

Nei mamma mín var ekki..

FORSÖNGVARI / KÓR *endurtekur*

Mamma þín var einskis nýt
Skotti rotta éttu skít

SVEINN

Hún var ekki..

KÓR

Skotti rotta skeit í potta!
Skotti rotta skeit í potta!

FORSÖNGVARI / KÓR *endurtekur*

Mamma þín (var) á við meðalkussu
með risastóra og rauða tussu
Þunguð var hún og þreytt á ati
og þú varst kreistur úr rassgati

KÓR

Skotti rotta skeit í potta!
Skotti rotta skeit í potta!

SVEINN

Ég drep ykkur helvítin ykkar. Ég drep ykkur.

SANDEYRI 1615

Sveinn skotti rænir valinn í Spánverjadrápum

JÓN LÆRÐI

Skólasálfræðingur hefur verið beðin um að taka drenginn Svein Björnsson til greiningar vegna hegðunarvandamála og tíðra fjarvista. [Faðir](#) Sveins var ferðapjónustubóndi sem var [dæmdur](#) fyrir [ránmorð](#) og [lét](#) hann [lífið á vofveiflegan hátt áður en drengurinn fæddist](#). Móðirin [átti](#) drenginn [á flækingi og yfirgaf hann](#) og er ekki vitað hvar hún er niðurkomin. [Drengurinn flæktist á milli fósturheimila framan af ævinni en er hann stálpaðist strauk hann og lifði þá á hnupli og betli. Skólaganga hans hefur því verið lítil, hann er varla læs og hugsanlega lesblindur. Vegna faðernisins og undarlegra hátta hefur drengurinn lent í einelti en einnig hefur hann verið staðinn að því að níðast á minni máttar og þá einkum á stúlkum.](#) Drengurinn hefur mjög lágt sjálfsmat og sýnir merki um áfallastreituröskun og er líklegt að hann hafi orðið fyrir endurteknu ofbeldi í uppvextinum, sennilega kynferðislegu. Drengurinn sýnir einnig merki um ofvirkni, athyglisbrest og árátthegðun og voru gerðar ráðstafanir til að koma honum í lyfjameðferð en þá strauk hann aftur.

Verður var við Svein

Hvað ertu að gera strákur?

SVEINN

Ég kom fyrstur. Ég á þessi.

JÓN LÆRÐI

Ertu að ræna líkin? Guð fyrirgefi þér.

SVEINN

Sýslumaðurinn sagði að að ef þeir hreyfðu sig ætti ég að skera þá á háls og að allt sem ég myndi fémmætt á líkunum mætti ég hirða.

JÓN LÆRÐI

Það var Ara í Ögri líkt. Ekki nóg að murrka úr þeim líftórana heldur þarf að óvirða líkin. Ríki Satúrnusar er nærri, dýrkun gulls, sífjaspell og mannát.

SVEINN

Þeir taka þetta ekki með sér. Annars er sýslumaður búinn að hirða allt það besta af þessum Spánverjaræflum.

JÓN LÆRÐI

Þetta eru Baskar.

SVEINN

Baskar?

JÓN LÆRÐI

Já Baskar. Ekki Spánverjar.

SVEINN

Hverju skiptir það? Þeir eru jafn steindauðir hvort sem þeir eru. Ert þú ekki hann Jón lærði?

JÓN LÆRÐI

Svo er sagt.

SVEINN

Varst það ekki þú sem kvaðst niður Snæfjalladrauginn?

JÓN LÆRÐI

Svo er sagt.

SVEINN

Það er sagt að þú sért rammgöldróttur

JÓN LÆRÐI

Já. Það er margt sagt.

SVEINN

Kenndu mér einhvern galdur.

JÓN LÆRÐI

Hversvegna viltu læra galdur?

SVEINN

Því allt er mér mótdrægt. Þó held ég að ég sé fæddur til þess að drýgja miklar dáðir. Eða eitthvað. Ég var getinn í morði, dreginn alblóðugur úr móðurkvíði, og dauðinn eltir mig óþreytandi. Ég þarf að kveikja líf til að vinna á móti dauðanum í mér. Mig vantar vopn til að geta háð það stríð.

JÓN LÆRÐI

Hvaða galdur viltu læra?

SVEINN

Kenndu mér lásagaldur.

JÓN LÆRÐI

Til hvers ætlarðu að nota hann?

SVEINN

Til að opna lása auðvitað.

JÓN LÆRÐI

Ekki vil ég kenna þér galdur sem nærir ágirnd þína.

SVEINN

Kenndu mér þá að breyta manni í hund. Nei í ánamaðk. Þá get ég étið helvítið.

JÓN LÆRÐI

Ég kenni aldrei svartan galdur. En ég skal kenna þér að stilla reiði manna gegn þér.

SVEINN

Hvernig geri ég það?

JÓN LÆRÐI

Gjör staf á millum augna þér með sleikifingri þínum á vinstri hendi og mæltu:

Ægishjálmi er ég ber
á millum augna mér
Reiðin renni
Stríðið stemmi

Verði hver feginn mér
sem María er hún fann
mannssoninn upprisinn
Í nafni föður sonar og heilags anda

BÁÐIR

Ölver Óðinn Illi
allt þitt vílið villi
Sjálfur Guð með snilli
sendi okkur ást í milli

SVEINN

Kenndu mér eitthvað fleira. Kenndu mér að gera konur lauslátar.

JÓN LÆRÐI

Nei nú er nóg. Galdur á ekki að nota í einhvern hégóma.

SVEINN

Kenndu mér andskotans galdurinn mannskratti.

JÓN SÝJUSON

Viltu læra að gera konur lauslátar?

SVEINN

Já. Kannt þú þann galdur.

JÓN SÝJUSON

Kann ég hann og marga aðra. Þér væri nær að læra af mér. Ekki tókst Jóni lærða að stilla reiði Ara í Ögri og nú hefur hann hrakist í útleigð.

JÓN LÆRÐI

Öll hrekjumst við undan einhverju. Öll erum við eins og reki í sjó og berumst með straumum. Dálítið eins og drauganet sem hafa slitnað upp og halda áfram að veiða í tilgangssleysi. Já. Öll hrekjumst við undan veðrum. En hvort veðrin eru af náttúrunnar hendi eða gjörningaveður; um það fáum við litlu ráðið. Sjaldnast eru það nefnilega gjörðirnir sem ákveða örlög okkar.

SVEINN

Kenndu mér að gera þær graðar.

JÓN SÝJUSON

Þú verður þá að lofa að nota galdurinn ekki á stelpurnar mínar. Þú færð ekkert að riðlast þeim ókeypiss.

SVEINN

Ég lofa því.

JÓN LÆRÐI

Sjáið þennan unga mann, Svein Björnsson. Hvað er það sem gerir hann að því sem hann er? Hann er ungur, já og graður, það fylgir æskunni, en er hann eins og hann er vegna ætternis síns eða uppeldis? Getum við ætlast til þess að hann sé góður maður? Og myndum við trúa því ef hann væri það? Hans málstaður er eins vonlaus og málstaður sannleika og vísinda í heimi hjátrúar, heimsku og hindurvitna.

JÓN SÝJUSON

Þú mátt ekki heldur nota galdurinn á hana stjúpdóttur mína.

SVEINN

Ertu að eiga við hana?

JÓN SÝJUSON

Ég nenni ekki að hjakka alltaf í sama farinu.

SVEINN

Ertu vitlaus maður? Þeir höggva hausinn af þér og drekkja henni.

JÓN SÝJUSON

Bara ef það kemst upp, Sveinki, bara ef það kemst upp.

JÓN LÆRÐI

Skiljum við menn eins og Svein og höfum við einhvern áhuga á því? Hver væri hann í dag?
Breiðuvíkustrákur? Dauður dópisti á klósetti með sprautuna hangandi í handleggnum.
Rohypnolnauðgari? Útrásarvíkingur?

Pögn

Strákur á hlaupum. Erum við það ekki allir saman? Hlaupandi á eftir einhverri tálsýn þangað
til veruleikinn hrekur okkur á flóttu.

Pögn

Ætli ritalín hefði reddað honum?

Fer

JÓN SÝJUSON

Það er ekki víst að það yrði auðvelt að ná af mér hausnum.

SVEINN

Ekki auðvelt? Ertu með harðari háls en aðrir?

JÓN SÝJUSON

Þú verður að grjóthalda helvítis trantinum á þér saman ef ég sýni þér það?

SVEINN

Hvað?

JÓN SÝJUSON

Lofarðu því?

SVEINN

Ég lofa því.

JÓN SÝJUSON

Viltu bölvu þér uppá það?

SVEINN

Ég bölvu mér uppá það. Sýndu mér.

JÓN SÝJUSON

Ég drep þig ef þú svíkur mig.

SVEINN

Ég svík þig ekki.

JÓN SÝJUSON

Ég geng aftur og drep þig ef þörf krefur.

SVEINN

Ég steinheld kjafti. Ætlarðu að sýna mér?

JÓN SÝJUSON

Líttu á. Þetta er höfuðskel úr manni. Meira að segja af biskupi. Þessa stafi skrifaði ég á hana með hrafnsblóði. Ég fel hana í skónum mínum og meðan ég er með hana á mér bitur ekkert járn á mig.

SVEINN

Það væri ekki ónýtt að eiga eina svona.

JÓN SÝJUSON

Þá þarftu að útvega þér hausnúpu. En ég get kennt þér galdur svo þú verðir ekki bundinn.

SVEINN

Það gæti komið sér vel.

JÓN SÝJUSON

Þú þarft að semja við Paurinn um það. Þú þarft að gera við hann contractium og taka fram hvaða fjötrar geta ekki haldið þér. Fyrst ferðu með pater noster. Þrisvar áfram og þrisvar afturábak. Svo er það ákallið:

Til þessa hjálpi mér allir guðir,
 Þór, Óðinn, Satan, Belsebupp
 og allir þeir er Valhöll byggja.
 Í þínu mektugasta nafni Óðinn:

SVEINN

Band getur ekki bundið mig
 Snæri ekki stöðvað mig
 Járn fær ekki fjötrað mig
 Kaðall ekki kúgað mig..

JÓN SÝJUSON

Og svona heldurðu áfram þangað til allt er upp talið. Og nú skal ég kenna þér galdur til að gera konur lauslátar

SVEINN

Nei, Kenndu mér heldur galdur til að láta þær elska mig.

JÓN SÝJUSON

Þú ert nú ljóta fíflíð Sveinn. Þetta er allt eins þegar inn er komið. Gott og vel. Hann er svona:

SVEINN *syngur*

Lít ég á þig
 legg þú á mig
 ást og elsku
 af öllum hug
 Sit þú hvergi
 þol þú hvergi
 nema þú unnir
 unnir mér

Þess bið ég Óðin
 og alla þá
 er kvennrúnir kunna
 er ráða má
 Að þú í heimi
 þolir ei né þrífist
 Nema þú elskir
 af öllum hug mig

VINNUKONA

Ég vil ekki sjá þig Sveinn skotti. Láttu mig vera

SVEINN *syngur*

Svo skalt í beinum
 sem brennir öll
 í holdi þínu
 hálfu verri
 Hljót þú ei sælu
 né sæmd án mín
 Glatist þér gæfa
 ef gefst þú mér ei

VINNUKONA

Ef þú heldur að ég ætli að sofa hjá þér ertu meiri hálfviti en ég hélt.

SVEINN

Andskotans galdurinn virkar ekki.

VINNUKONA

Það er kannski eitthvað fleira sem virkar ekki hjá þér auminginn þinn.

SVEINN

Við skulum sjá til hvort þetta virkar:

Risti ég ása átta
 nauðir nínu þursa þrettán
 þjaki þeir bók þinn
 með illri skitu og
 vindgang'án enda
 Losni sundur limir þínir
 snúi iðrin út
 Megi þínum fúla fret
 aldrei aldrei linna

Fretrúnirnar virka á Vinnukonuna og hún verður alveg viðþolslaus

KIRKJA**SÖFNUÐUR**

Unnur lætur endann
anda eftir vanda
Í kristilegri kapellu
kæfir hún alla með freti

PRESTUR

Hættið þessum apalátum. Hættið! Eruð þið að dansa í kirkjunni? Hættið þessum ósóma eins og skot.

Við prestsfrú

Frú mín góð! Tekur þú þátt þátt í þessu heiðinglega athæfi. Sjálf prestsmaddaman.

PRESTSFRÚ

Fyrirgefðu séra Jón! Ég veit ekki hvað kom yfir mig.

PRESTUR

Þú verður að vera á varðbergi frú mín góð. Djöfullinn er allsstaðar nálægur með vélabrögð sín. Hvað er að stúlkunni?

MAÐUR

Hún getur ekki hætt að pru.. að freta. Það er eins og hún ætli að geispa golunni út um öfugan enda.

Söfnuðurinn meinfýsinn reynir að dylja glott og fliss

PRESTUR

Hér má kenna handaverk flugnahöfðingjans.

Biður

Pater noster qui es in celis
sanctificetur nomen tuum
adveniat regnum tuum.

Muldrar áfram óskiljanlega enda kafnar allt í háværu prumpi

Amen.

Gerir krossmark yfir Vinnukonu og tónar

Exi immunde spiritus et da locum spiritui sancto.

Vinnukonan hættir að prumpa

Lofaður sé drottinn! Lofaður sé drottinn fyrir að stöðva vindgang þessarar vesalings konu.

SÖFNUÐUR

Lofaður sé drottinn

PRESTUR

Nú skulum við syngja sálm númer 14.

SÖFNUÐUR *syngur*

Heilagi Guð ó herra minn
hér er ég aumur þrællinn þinn
hundum lægri og saurugt svín
syndugur leita ég til þín

Aumari er ég maðki og maur
í mykju skríð ég um og í saur
Drepsóttir hungur og dauðaráð
drottin oss sendu af þinni náð

Á krossi leiðstu kvöl þín og pín
kyssi ég þreyttur sárin þín
Skríð inn í þau er dagur dvín
dvöl í þeim helli er sæla mín

Á orði þínu ég sál mína seð
sem væri feiti og mergur með
Afdrep hjá þér ég eignast vil
en aðrir dansa heljar til

PRESTUR

Drepsótt í Dýrafirði; hafís; grasleysissumar; á Ísafirði átu ærnar lömbin sín. Víst eru það stórmerki fyrir ósnotran almúgann en ástæðan fær ekki dulist þeim sem á sitt skjól í Kristi og nærast af brjóstabrunnum sára hans. Séð hefi ég bleikar flugur sem hringsóla um mig í gríð og erg, sumar með langan hala en sumar með síðar klær. Kennsl hef ég borið á flugnakónginn sem um sig hefur mergð djöfla og djöfulsanda. Fordjarfarinn er á sveimi undir gólfjöllum og inni í vegghleðslum þar sem hann bíður átekta eftir því að einhver magni upp sendingar í hans nafni.

Við Vinnukonu

Mér komu strax galdrar í hug er ég sá þitt ástand barnið mitt og reyndi að verja þig með fyrirbænum og með því að gera fyrir þér krossmark, þó með fullri leynd til að vekja ekki grunsemdir djöfulsins útsendara. Fann ég þá strax sviða í lófanum tanquam torpedine tactus og kenndi þar skeyti óvinarins.

Snýr sér að Sveini og ber fyrir sig krossmark

Exi immunde spiritus et da locum spiritui sancto.

SVEINN

Ölver Óðinn Illi..

PRESTUR *til Sveins*

Ég kenni sendingu þína. Svo kröftug er hún að um mig fer fiðringur, doði og slög yfir höfuðið..

SÖFNUÐUR

Fiðringur, doði og slög yfir höfuðið..

PRESTUR

Exerciso te immunde spiritus per patrem et filium et spiritum sanctum:..

SVEINN

..allt þitt vílið villi..

PRESTUR

..vt exeat et recedas ab hac famula dei. Og kuldi fer um mig svo viðbjóðslegur að ég fæ ekki staðist hann.

SÖFNUÐUR

Hvílíkur nístingskuldi..

PRESTUR

Ipse enim tibi imperat maledicte damnate, qui pedibus super mare ambulavit..

SVEINN

Sjálfur Guð með snilli..

PRESTUR

..et petro mergenti dexteran porrexit. Böggull í kverkunum, bruni um brjóstið og bakið..

SÖFNUÐUR

Ég kafna, ég brenn..

SVEINN

..sendi okkur ást í milli. Eolah, Elohim, Adonai..

PRESTUR

..og kláði svo mikill að hann er illþolanlegur. Sendingin svo mögnuð frá þessari galdrakind að allt leikur á reiðiskjálfi, bekkir hristast og brestir koma í bríkur.

SVEINN

Abbadon, Belzebub, Satan, Belíal..

PRESTSFURÚ

Sendingin fór undir lífið á mér.

PRESTUR

Fólkið slegið í ómegin.

PRESTSFURÚ

Hún fór undir lífið á mér. Ég er á þínu valdi Sveinn! Gerðu það sem þú vilt við mig.

SVEINN

Gera hvað?

PRESTSFURÚ

Gerðu það sem þú vilt við mig.

SVEINN

Hver djöfullinn er að þér?

PRESTUR

Konan mín á valdi djöfulsins. Ó vei!

PRESTSFRÚ

Ég er á valdi djöfulsins! Taktu mig!

SVEINN

Taka þig?

PRESTSFRÚ

Já helvítis pungurinn þinn. Taktu mig!

SÖFNUÐUR

Taktu mig líka Sveinn. Ég er á valdi djöfulsins.

PRESTSFRÚ

Taktu mig helvítið þitt! Taktu mig!

SVEINN

Hérna?

PRESTSFRÚ

Hérna! Hérna upp við altarið.

PRESTUR

Ó Jesú elsku Jesú styrktu þjón þinn auman og veikan.

Gerir krossmark

Exi immunde spiritus et da locum spiritui sancto.

PRESTSFRÚ

Ríddu mér almennilega Sveinn.

PRESTUR

Exerciso te immunde spiritus per patrem et filium et spiritum sanctum: vt exeas et recedas ab hac famula dei.

PRESTSFRÚ

Ég er á þínu valdi. Taktu mig!

SÖFNUÐUR

Taktu mig! Taktu mig Sveinn. Taktu mig!

PRESTUR

Ipse enim tibi imperat maledicte damnate, qui pedibus super mare ambulauit et petro mergenti dexteran porrexit.

Böðullinn grípur Svein og heldur honum

ÞINGVELLIR**FÓGETI**

Menn eru svo sem ekki að amast við því að þú takir upp um eina og eina vinnukonu, það er að segja ef ekki kemur barn. En prestsmaddömu Sveinn, prestsmaddömu! Er ekki svona skítseyði eins og þú að færast heldur mikið í fang með því?

SVEINN

Hún var snarvitlaus. Ég kom engu tauti við hana.

FÓGETI

Þegiðu þrjúturinn þinn. Biskupinn tekur til máls.

BISKUP

Herrar góðir og gunstugir vinir
Í guðs friði varðveitt hjörtu í Kristó
vott' ykkur öllum skylduga virðing
í öllu kristilegu og náunglegu

Fel ykkur auman og fáraðan Svein
Björnsson er hingað er kominn til dóms
mót sínum vilja en kirkjan hann kærir
vegna guðs dýrðar og velferðar sinnar

Kunnur er Sveinn af illu einu
foraktar Drottins heilaga nafn
aldur sinn elur í djöfulsins ríki
og íþrótt hans iðkar en forsómar guð

Um fer hann steland' og strjúkandi
samlagast djöflum og lifir sem einn
Djarftækur er hann einnig til kvenna
holdlegur djöfull á margan máta

Í Jesú nafni vér afhendum yður
fangann Svein til réttar og dóms
svo óguðlegt framferði endað þið getið
En amen set ég eftir efninu

FÓGETI

Það skal vera mér sönn ánægja að dæma þennan óguðlega skálk.

Þögn

Anno 1646, 29. júní á almennilegu Öxarárþingi er kveðinn upp dómur af allri lögréttunni um það straff sem Sveinn Björnsson kallaður skotti skal eftir lögum líða fyrir guðs orða og sakramentanna foraktan. Skal greindur Sveinn fá húðlát svo mikið sem hann má bera og missa annað eyrað og ábyrgi sig sjálfur. Hann skal strax fara vestur í sína sveit sem sögð er Ísafjarðarsýsla og vinna sér þar fóstur. En finnist hann annarsstaðar eða geri nokkur stráksverk er hann rétttækur og dræpur hvar sem hann verður fundinn. Einnig skal hann bæta sitt framferði við guð og menn. Lofarðu því Sveinn?

SVEINN

Ætli það ekki

FÓGETI

Svaraðu almennilega strákur! Lofarðu því að elska guð og hans orð og meðtaka sakramentin?

SVEINN

Ég lofa því. En má ég þá ekki halda eyranu?

FÓGETI

Þú mátt þakka fyrir að missa þau ekki bæði. Játarðu og vilt það undirbindast að gjörir þú öðruvísi sértu réttláus og dræpur.

SVEINN

Ætli ég verði ekki að gera það?

FÓGETI

Jú Skotti. Það verðurðu að gera. Böðull! Gerðu skyldu þína.

Steinn er bundinn, strýktur og eyrað skorið af honum.

RAUÐSDALUR

ELÍN og ÁSGERÐUR

Við skulum fara upp á land
fyrir utan ey
telja vorar meyjur
svo þær tynist ei

Ein má ekki ganga
nema á gullspöngum

Önnur ekki sofa
nema á svanadúni

Þriðja ekki drekka nema vínið væri
sem sjálfur riddarinn bæri

Fjórða ekki á kvöldin kyssa
nem'ún vilji völdin missa

Fimmtu ekki gefst neitt glingur
Gull mun fá á hvern sinn fingur

En hvar er ein?
Hví er hún of sein?
Hefur Skotti henni náð?
Hefur hún orðið honum að bráð?
Hann mun hjá og smá hana
Hann mun káf'og slá hana

Hún mun verða bág og blá
tár mun glitr´á brá
og ef hún kemur aftur heim
vill enginn hana sjá

Þær hlæja

ELÍN

Nú er hann búinn að lofa að haga sér vel.

BÁÐAR

Það verður ekki auðvelt fyrir hann.

ÁSGERÐUR

Hann er búinn að lofa að elska guö.

BÁÐAR

Það verður ekki auðvelt fyrir hann.

ELÍN

Hann er búinn að lofa að meðtaka sakramentin.

BÁÐAR

Það verður ekki auðvelt fyrir hann.

Í PRÍSUNDINNI

HAUSINN AF JÓNI SÝJUSYNI

Aldrei lofaði ég neinu.

SVEINN

Hver er þar?

JÓN

Aldrei meðkenndi ég neitt.

SVEINN

Hver er að tala?

JÓN

Og enga iðrun fengu þeir af mér.

SVEINN

Ert þetta þú Jón?

JÓN

Hausinn af mér. Búknum hentu þeir fyrir hunda.

SVEINN

Skelfing er að sjá þig Jón minn. Hvað kom fyrir?

JÓN

Þeir náðu okkur á Snæfellsnesinu. Með börnin okkar tvö. Henni drekktu þeir í Öxará en mig vildu þeir höggva. Tuttugu og níu högg sló böðulskrattinn og ekkert gekk. Þá leituðu þeir á mér og fundu skelina í skónum mínum. Þá var hausinn loksins krassaður af. Í þrítugasta höggi.

SVEINN

Ég sagði þér að þú ættir ekki að vera að eiga við stelpuna. Hvenær var þetta?

JÓN

Árið 1650 í andskotans nafni.

SVEINN

En það er 1648 núna.

JÓN

Já er þetta ekki stórfurðulegt?

GRÍÐKONA

Þetta er nú bara teater strákar mínir.

SVEINN

Hvern andskotann vilt þú?

GRÍÐKONA

Ég er bara að færa þér graut, gamli minn.

SVEINN

Leystu mig þá svo ég geti étið hann.

GRÍÐKONA

Nei karl minn. Ég kann vel við þig svona ósjálfbjarga. Ég skal mata þig.

SVEINN

Fær maður kannski koss líka? Ef ég væri ekki bundinn þá myndi ég..

GRÍÐKONA

Jájá. Alltaf mestir í kjaftinum og klofinu þessir karlar.

SVEINN

Gættu að því hvað þú segir. Við Jón erum frægir fyrir að koma kerlingum eins og þér til að grenja.

GRÍÐKONA

Já þið eruð verulega alvarleg ógnun. Þú bundinn og hann hefur engan skrokk. Ég neyðist líklega til að drösla meydómnum heim með mér eina ferðina enn.

JÓN

Vill þig enginn herfan þín?

GRÍÐKONA
Þegiðu karlpungur!

JÓN
Já nuddaðu salti í sárin.

GRÍÐKONA
Ó fyrirgefðu. Ég tók bara ekki eftir því hvað það er lítið undir þér.

Hún fer hlæjandi

JÓN
Hvílík niðurlægning! Griðkonur hlæja að mér. Mér. Jóni Ríðumanni Sýjusyni.

SVEINN
Jón.

JÓN
Já.

SVEINN
Ég er hræddur. Ég vil ekki deyja.

JÓN
Maður finnur voða lítinn mun. Hreyfingarfrelsið er meira en á móti kemur að maður iðkar enga afmorsleiki án skrokksins

SVEINN
Langanir kroppsins leiða menn bara í gönur.

JÓN
Ertu að verða einhver andskotans kerling Sveinn? Enga iðrun fengu þeir frá mér og aldrei meðkenndi ég neitt

SVEINN
Hún var svo falleg og saklaus að mig langaði strax til að spilla henni. En það var ekki auðvelt því ég hefði aldrei gengið í augun á henni eins og ég er orðinn. Og ef ég tæki hana með valdi yrði ég rétt dræpur.

RAUÐSDALUR

Ásgerður dansar en Sveinn fylgist með henni.

ELÍN
Að stöðva lax í strangri á
og stikla á hörðu grjóti
eins er að binda ást við þá
sem enga kunn' á móti

Heitt ef elskar meýja mann
 í meinum þráir unnustann
 þá ástin hundsar boð og bann
 en biður þess að hljóti
 Illt er að leggja ást við þann
 sem enga kann á móti

Brennur ástin heitust
 sem bundin er í meinum
 best er því að unna ekki neinum

Stúlkan fór í dansinn
 dátt hún söng
 Ekki þótti henni þá
 stundin löng
 Dansaði hún við alla
 konur og kalla
 alla nema einn mann
 og það var hann

Brennur ástin heitust
 sem bundin er í meinum
 best er því að unna ekki neinum

*Sveinn losar sig úr fjötrunum gengur til Ásgerðar og ætlar að taka hana með valdi.
 Hún reynir að binda hann en hann losar sig við alla fjötra. Síðast reynir hún
 reyfalinda sinn og þá er hann fastur því slíkar græjur voru ekki með í samkomulagi
 (contractium) hans við andskotann*

FORSÖNGVARI

Skotti karlinn skýst um langa ganga
 Skeytir ekki neitt um magann svanga
 Við að seðja hungur sitt hann er ekkjað kljást
 hann er bara gagntekinn af ást
 Hann trúir því að einhversstaðar bíð´ans kona blíð
 sem bindast vilji honum alla tíð

Hann beygir sig og hneigir biður um hennar hönd
 Að binda vilj´ún við hann tryggðabönd

Hann sér það í hendi sinni – hún vill eignast mann
 Hún snörur sínar leggur fyrir hann

Hann veit ekkj´um fjötur sem hann fær ekki leyst
 heldur lík ´ann geti henni treyst

Hún leggur á hann reifarlanda sinn
 sem Skotti gleymdað setj´í samninginn
 ef að þú vilt gera samning við andskotann
 er best að vera nákvæmur með hann

DÓMUR OG AFTAKA**SÝSLUMAÐUR**

Hvað ertu að gera hérna á Barðaströndinni Sveinn? Þú áttir að fara norður í Ísafjarðarsýslu.

SVEINN

Ég er á leiðinni þangað herra sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Hefur það tekið þig tvö ár að komast hingað frá Þingvöllum?

SVEINN

Já herra sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Alltaf ertu jafn skemmtilegur Skotti. Það er synd að þurfa að slá þig af.

SVEINN

En ég er saklaus.

SÝSLUMAÐUR

Ég þarf ekki að dæma þig í þetta sinn. Þú hefur fyrirgert lífi þínu með því að hlíta ekki Þingvalladómnum. Það eina sem þarf að ákveða er hvernig við endum þína aumu tilveru.

PRESTUR

Maður þessi er annáluð galdrakind og því er langöruggast að brenna hann.

SÝSLUMAÐUR

Augnablik séra Jón. Fyrst þurfum við að skoða sakarefnin. Jón Jónsson bóndi í Rauðsdal, þú segir að Sveinn Björnsson hafi komið á bæ þinn og reynt að nauðga Ásgerði konu þinni.

ÁSGERÐUR

Já hann..

SÝSLUMAÐUR

Þegi þú kona. Ég er að tala við bónda þinn.

JÓN BÓNDI

Já hann ætlaði að nauðga henni en hún lék á hann og tókst að binda hann.

SVEINN

Ég þurfti ekki að nauðga henni. Hún var til í tuskið.

SÝSLUMAÐUR

Nú spyr ég þig Ásgerður: Hvernig varstu klædd þegar Sveinn kom að þér?

ÁSGERÐUR

Klædd? Ég var ekki komin á fætur þegar hann birtist.

SÝSLUMAÐUR

Varstu fáklædd? Þú hefðir mátt vita að það myndi uppvekja þann gamla Adam í manninum. Reyndirðu að verjast honum?

ÁSGERÐUR

Það hefði ég ekki getað því hann er miklu sterkari. Þess vegna reyndi ég að leika á hann.

SÝSLUMAÐUR

Hvernig?

ÁSGERÐUR

Ég þóttist ætla að gera vilja hans.

SÝSLUMAÐUR

Svo þú hefur iðkað afmorsleiki með honum?

ÁSGERÐUR

Bara til að..

PRESTUR

Þú hefðir átt að verjast honum.

ÁSGERÐUR

Þá hefði hann drepið mig.

PRESTUR

Það hefði verið miklu betra því þá hefðir þú haldið heiðri þínum.

SÝSLUMAÐUR

Þetta er nóg. Ég fæ ekki séð að hann sé brotlegur í þessum efnum ef hún hefur æst hann til þess arna. Hann verður því ekki höggvinn.

JÓN BÓNDI

En hann ætlaði..

SÝSLUMAÐUR

Ekki orð um það meir. Þú ættir að reyna að hafa stjórn á konunni þinni áður en eitthvað verra hlýst af hennar framferði.

PRESTUR

Ég segi: Brennum hann!

SÝSLUMAÐUR

Líklegt er að hann hafi iðkað galdur svo það gæti gengið. Farið þá að safna hrísi.

JÓN BÓNDI

Við erum ekki aflögufærir með hrís hérna á Barðaströndinni sem nægði til að brenna mann. Og hann á engan við til að leggja til með sér. Ekki einusinni rúmþjalir eða kisturæfil hvað þá meira.

PRESTUR

Ef hann verður ekki brenndur þá er víst að hann gengur aftur og við verðum aldrei lausir við hann.

SVEINN

Ekki brenna mig herra sýslumaður. Ekki brenna mig.

SÝSLUMAÐUR

Ertu hræddur við það? Þú þarft að venjast hitanum í helvíti Sveinn. Ertu ekkert hræddur um að lenda þar?

SVEINN

Hversvegna skyldi ég hræðast helvíti? Það er varla verra en þetta auma líf mitt. En ég hangi á lífinu eins og köttur á gæru því það er það eina sem ég á.

JÓN BÓNDI

Ég vil ekki eyða góðum smíða eða eldiviði á þessa mannfýlu. Og hananú!

SÝSLUMAÐUR

Það er alltof mikil fyrirhöfn að brenna hann.

BÖÐULL

Það fannst á honum bjúga herra sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Hvar fékkstu það Skotti?

SVEINN

Í búrinu.

SÝSLUMAÐUR

Stalstu því?

SVEINN

Ég var svangur.

SÝSLUMAÐUR

Þá þarf ekki frekari vitnanna við. Hann hefur meðkennt þjófnað. Hengjum hann.

HRAFNAR

Krunk, krunk krunk
 Hvað er hér að ske?
 Krunk, krunk krunk
 Hvað fáum við hér?
 Krunk, krunk krunk
 Kem - er ekki seinn
 Krunk, krunk krunk
 Komdu nú sæll Sveinn

SVEINN

Þetta eru vinir mínir

BÖÐULL

Það er ekki hægt að koma á hann bandi.

HRAFNAR

Krunk, krunk krunk
 Hvað er í boði hér
 Krunk, krunk krunk
 Krás er búin mér
 Krunk, krunk krunk
 Kroppum í hann Svein
 Krunk, krunk krunk
 Kroppum hrein hans bein

SVEINN

Nú ætla þeir að svíkja mig.

HRAFNAR

Tág! Tág! Tág!

SÝSLUMAÐUR

Hvað eru hrafnarnir að segja?

BÖÐULL

Mér heyrir þeir segja tág.

SÝSLUMAÐUR

Sækjum viðartágar. Kannski þær dugi.

Viðartágar eru lagðar að hálsi Sveins og hengist hann í þeim

TJALDIÐ